

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Dalvíkurbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (urðunar- og sorphreinsigjald).

2. gr.

Sorphirðugjaldið er lagt á hverja íbúð í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

Búrekstraráðilum er gefinn kostur á að greiða sérstaklega fyrir ílát undir búrekstrarúrgang, flutning hans og förgun samkvæmt gjaldskrá þessari. Þá er lagt á búfjáreigendur sérstakt gjald til að standa straum af kostnaði við förgun dýraleifa og tekur gjaldið mið af því að það standi undir kostnaði við förgunina.

3. gr.

Sorphirðugjaldið og úrvinnslugjald á endurvinnslustöð á Dalvík er sem hér greinir:

- a) Íbúðir, sorphirðugjald, kr. 31.400.
- b) Gjöld vegna úrgangs sem tekið er á móti í endurvinnslustöð er eftirfarandi:
Fyrir áætlað lágmarksmagn allt að 100 kg eða 1,5 m³ skal greiða móttöku- og flutningsgjald kr. 2.996 og urðunargjald kr. 3.615 eða samtals kr. 6.611.
Fyrir hvert kíló umfram 100 kg greiðist samtals móttöku- og flutningsgjald 30 kr. og urðunargjald 36 kr. og fyrir hvern 1,5 m³ umfram 1,5 m³ bætist fyrir móttöku- og flutningsgjald 2.996 kr. og urðunargjald 3.615 kr.
- c) Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappambúðir, plastambúðir, hjólbarðar, heyrúlluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.
- d) Íbúar Dalvíkurbyggðar þurfa ekki að greiða móttökugjald fyrir úrgang sem tengdur er venjulegum heimilisrekstri á endurvinnslustöð á Dalvík.

4. gr.

Úrvinnslugjald vegna úrgangs frá búrekstri og dýraleifa er eftirfarandi:

- a. 240 lítra tunna fyrir almennan úrgang losuð tvisvar í mánuði, 21.693 kr./ár.
- b. 360 lítra tunna fyrir almennan úrgang losuð tvisvar í mánuði, 28.924 kr./ár.
- c. 240 lítra endurvinnslutunna losuð einu sinni í mánuði, 10.743 kr./ár.
- d. Gjald fyrir eyðingu dýraleifa er lagt á heildarfjölda hvernar búfjártegundar samkvæmt búfjáreffirlitsskýrslu og er eftirfarandi:

Nautgripir 551 kr./grip	Sauðfé og geitfé 93 kr./grip
Hross 143 kr./grip	Grísir 365 kr./grip

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, er staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum, og öðlast nú þegar gildi.

Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá um sorphirðu í Dalvíkurbyggð nr. 1264/2013 úr gildi.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 18. febrúar 2014.

Dalvíkurbyggð, 27. febrúar 2014.

Svanfríður Inga Jónasdóttir sveitarstjóri.